



# Leiðbeiningar um tilkynningu vinnuslysa til Vinnueftirlitsins

Með vinnuslysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð í tengslum við vinnu sem veldur áverkum, heilsutjóni eða dauða eins eða fleiri einstaklinga.

Með orðinu vinnuslys er hér ennfremur átt við slys á borgurum sem slasast í tengslum við starfsemi eða búnað sem Vinnueftirlitið hefur eftirlit með, s.s. í skiðalyftum, rennistigum o.fl.

## Skylda að tilkynna vinnuslys

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna Vinnueftirlitinu um öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í a.m.k. einn dag auk slysdagsins. Slys, þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólahrings svo að vettvangsrannsókn geti farið fram. Með langvinnu eða varanlegu heilsutjóni er m.a. átt við tilvik þar sem hinn slasaði missir útlím eða hluta af útlím, beinbrotnar, fer úr lið, fær meiriháttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða eitrun. Slysinn skulu auk þess tilkynnt Vinnueftirlitinu skriflega innan viku á þar til gerðu tilkynningarblaði eins og hér fylgir með.

## Tilkynningarblað um vinnuslys Leiðbeiningar

Ath. Notið kúlupenna þegar blaðið er fyllt út.  
Vinsamlegast notið prentstafi.

Tilkynningarblað, eins og það sem hér fylgir með, er hægt að fá hjá umdæmisskrifstofum Vinnueftirlitsins eða á heimasíðu stofnunarinnar ([www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)) þar sem hægt er að fylla tilkynningarblaðið út í tölvutæki formi.

Bókstafirnir A - D hér á eftir vísa í tilsvarende reiti á tilkynningarblaðinu.

### A Nafn fyrirtækis, heimilisfang og kennitala

Ef fyrirtæki og stofnanir reka utan höfuðstöðvanna eitt eða fleiri útibú og slys verður þar þarf heimilisfang viðkomandi útibús að koma fram. Hafi útibúið sérstaka kennitölu skal hún skráð.

### Starfsemi fyrirtækis

Dæmi: Bílaverkstæði, kjötiðnaður, heimahjúkrun ...

### Nákvæm staðsetning slyss

Dæmi: Við vörurekka á lager  
Á vinnupalli við nýbyggingu  
Á víðavangi, GPS hnit ...

### B Staða/starfsheiti

Dæmi: Bifvélavirki, bóndi, hjúkrunarfræðingur ...  
Ath.: Verið nákvæm og skráið t.d. trésmiður í stað iðnaðarmaður.

### C Tildrög slyssins (hvernig slysið vildi til.)

Mikilvægt er að lýsa tildrögum slyssins eins nákvæmlega og unnt er í fáum orðum. Sjá eftirfarandi dæmi um lýsingu þar sem fram koma þrjú meginþættir, sbr. liði 1-3, hér á eftir.

- Lýsið því sem slasaði var að gera á því augnabliki, sem slysið varð, og tilgreinið hvaða verkfæri eða vélar voru notaðar.  
Dæmi: Vann með handborvél...  
Var að styðja sjúkling á leið tilbaðherbergis...
- Lýsið því sem fór úrskeiðis, og tilgreinið hvaða verkfæri, vélar eða byrði áttu þátt í því.  
Dæmi: Borinn brotnaði í efninu ...  
Sjúklingurinn gat skyndilega ekki staðið á fótunum ...
- Lýsið því hvernig slasaði hlaut áverka og tilgreinið hvaða verkfæri, vélar eða byrði var orsök slyssins.  
Dæmi: Borinn lenti í hendinni...  
Við að reyna að halda sjúklingnum uppi hrasaði slasaði/slasaða og fékk hnykk á bakið...

Fleiri dæmi mætti taka um tildrög slyssins (t.d. var á leið upp stiga; vann við viðgerð á bíl; vann við blöndun efna). Lýsinguna má gjarnan skrifa í samfelldum texta en mikilvægt er að hún feli í sér þá þrjú meginþætti sem koma fram í liðum 1-3 hér að ofan.

### D Tölureitir

Mikilvægt er að lýsa tildrögum slyssins eins nákvæmlega og unnt er í fáum orðum. Sjá eftirfarandi dæmi um lýsingu þar sem fram koma þrjú meginþættir, sbr. liði 1-3, hér á eftir.

#### 5 Slysið varð við:

Merkið við það sem slasaði/slasaða var að gera á því augnabliki sem slysið varð. Ef merkt er við *Annað* - tilgreinið hvað.

#### 7 Fyrir áverkum urðu:

Ef merkt er við fleiri en einn líkamshluta í þessum reit skal skrá í stóra reitinn neðst númer þess líkamshluta sem varð fyrir alvarlegustum áverka.

#### 8 Hvers konar áverkar:

Ef merkt er við fleiri en einn áverka í þessum reit þá skal skrá í stóra reitinn neðst númer alvarlegasta áverkans.

## Hverjir eiga að fá tilkynningarblöðin?

- blað** skal senda til viðkomandi umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins í síðasta lagi viku eftir að slysið varð.
- blað** er eintak slasaða / slösuðu.
- blað** er eintak fyrirtækis og þeirra sem starfa að vinnuvernd á vegum þess.
- Ath!** Einnig þarf að tilkynna slysið á [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)